

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 5. október 2012 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-48/2012:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna sófa og gardína, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur hlutina gallaða og krefst þess að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 26. júlí sl. gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 9. ágúst. Engin andsvör bárust. Þá bárust nefndinni engin frekari gögn.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt álitsbeiðni keypt álitsbeiðandi hinn 1. apríl sl. ýmsar vörur af seljanda, þar með talið Silkeborg hornsófa, Emila gardínur og Reykjavík sængurverasett fyrir samtals kr. 355.406.

Skömmu eftir kaupin hafi álitsbeiðandi orðið var við það að ein eining hornsófans virtist gölluð og fékk álitsbeiðandi, án vandkvæða, afhenta nýja einingu. Þá hafi álitsbeiðandi þvegið rúmfötin sem hann keypti, tvö sett af gerðinni „Reykjavík“. Strax eftir að rúmfötin voru orðin þurr setti hann þau á sængur og hristi. Við þetta hafi íbúð hans fyllst af rauðum þráðum. Fékk álitsbeiðandi rúmfötin endurgreidd í kjölfarið, auk þess sem seljandi mun hafa, fyrir rest, látið þrifa íbúð álitsbeiðanda vegna þessa.

Einhverjum vikum eftir kaupin hafi álitsbeiðandi síðan tekið eftir því að sófinn var ekki eins og til mátti ætlast, óþægilegt var að setjast í hann, byrjað að braka mikið í honum en auk þess gaf sófinn óvenjulega misjafnt eftir, eftir því hvar sest var í hann. Álitsbeiðandi kveðst hafa rætt þetta við starfsmann seljanda símleiðis, sem hefði fallist á að rifta kaupunum á sófanum. Hann hafi hins vegar ekki rætt það við starfsmanninn að hann teldi einnig gardínurnar sem hann hafði keypt gallaðar. Þegar álitsbeiðandi hafi síðan haft samband aftur við seljanda til að klára málin, að því er virðist samkvæmt gögnum málsins hafa verið í byrjun júlí sl., hafi síðan verið komið annað hljóð í strokkinn og enginn vilji hafi verið til að leysa málin.

Álitsbeiðandi krefst þess að fá að rifta kaupunum á sófanum og gardínunum.

IV

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitseibeidandi hefur sent nefndinni.

Rakið er í málavaxtarlýsingu að álitseibeidandi telur bæði sófa, sem samkvæmt kvittun er af gerðinni Silkeborg og kostaði kr. 179.950 og tvennar gardínur, sem samkvæmt kvittun eru af gerðinni Emila og kostuðu samtals kr. 23.900. Kaupin fóru fram hinn 1. apríl 2012. Telur álitseibeidandi hluti þessa haldna galla.

Í álitseibeidni kemur fram að seljandi virðist í fyrstu hafa fallist á að kaupum á sófa yrði rift, en síðan fallið frá því á síðara stigi, þ.e. sama dag og beðið var um álit kæruneftndarinnar, hinn 5. júlí sl. Þá kemur fram að álitseibeidandi hafði ekki fram að því að beðið var um álit kæruneftndarinnar tilkynnt seljanda að hann teldi gardínunar gallaðar. Þá er ekki að finna lýsingu á því í hverju galli á gardínum er falinn. Hins vegar er galla í sófa lýst sem svo að það braki óvenju mikið í honum, auk þess að afar mismunandi sé hve djúpt notandi sófans sígur ofan í sófan, eftir því hvar er sest í hann.

Í 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um þá skyldu neytanda til að tilkynna seljanda um að hann muni bera fyrir sig galla. Í máli þessu hefur neytandi ekki tilkynnt seljanda um galla á umþrættum gardínum, né hefur hann lýst því í hverju sá galli felist. Mun kæruneftndin því ekki taka afstöðu til þess hvort téðar gardínur séu haldnar galla. Hins vegar má ráða af gögnum málsins að álitseibeidandi hafi tilkynnt seljanda að hann telji sófan gallaðan og að sú tilkynning hafi farið fram innan frests 27. gr. laganna.

Í 18. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er fjallað um tímamark galla. Í 1. mgr. greinarinnar kemur fram sú meginregla að við mat á því hvort söluhlutur sé gallaður, skuli miða við það tímamark þegar áhætta af söluhlut flýst yfir til neytanda, jafnvel þó gallinn komi ekki fram fyrr en síðar. Í 2. mgr. greinarinnar er síðan að finna mikilvæga undantekningu frá þessari reglu, en þar segir::

Ef annað sannast ekki skal galli, sem upp kemur innan sex mánaða frá því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda, talinn hafa verið til staðar á því tímamarki þegar áhættan af söluhlut fluttist yfir til neytanda. Þetta gildir þó ekki þegar telja verður að það geti ekki á nokkurn hátt samrýmst eðli gallans eða vörunnar.

Ákvæðið hefur þá þýðingu að ef neytandi sannar galla innan sex mánaða, þarf seljandi almennt að sanna að gallinn hafi ekki verið fyrir hendi við áhættuflutninginn, í þessu tilviki afhendinguna. Ákvæðið breytir þó ekki þeirri meginreglu að sá sem heldur fram galla þarf að að sanna tilvist hans, þ.e. hver hann er og hvers eðlis, þannig að hægt sé að taka afstöðu til þess hvort úrbótaréttur af einhverju tagi sé fyrir hendi.

Í þeim tilvikum sem af slíku myndi hljóttast kostnaður, t.a.m. við að fá fagaðila til að skoða hið gallaða, myndi sá kostnaður verða greiddur af þeim sem skylt kynni að vera að bæta úr gallanum, en að öðrum kosti yrði sá sem krefst úrbóta að bera þann kostnað sjálfur. Í því tilviki sem hér um ræðir er það álit kæruneftndarinnar að álitseibeidanda beri að láta fagmann skoða umþrættan sófa og meta eftir föngum hvað ami að honum. Kæruneftndin álitur því að fyrr en þessar upplýsingar liggja fyrir geti hún ekki gefið álit á ágreiningi aðila. Kæruneftndin telur því að hún verði að vísa frá kröfu álitseibeidanda eins og hún liggur fyrir samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Kæruneftndin bendir á að álitseibeidandi myndi geta beðið kæruneftndina að nýju um álit á ágreiningi aðila þegar nægjanlegar upplýsingar um gallann liggja fyrir.

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir